



Borgarstjórn Reykjavíkur
2. júní 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun öldungaráðs

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna öldungaráð. Ráðið fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra. Ráðið skal skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara þar sem borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Ráðið verður í flokki II skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið, sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.



Reykjavík